# ÁRSSKÝRSLA



2003

## STJÓRN KKÍ

Á 42. ársþingi KKÍ á Sauðárkróki voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í stjórn KKÍ fyrir starfsárið 2002-2003.

| | |
|---|---|
| Formaður: | Ólafur Rafnsson |
| Stjórnarmenn til tveggja ára: | Halldór Halldórsson<br>Sturla Jónsson<br>Gísli Georgsson |
| Í varastjórn til eins árs: | Jón Halldórsson<br>Magnús Svavarsson<br>Gísli Friðjónsson |

Eftirtaldir stjórnarmenn áttu eitt ár eftir af kjörtímabili sínu:

| | |
|---|---|
| Meðstjórnendur: | Erla Sveinsdóttir<br>Jóhannes Sveinsson<br>Hannes Jónsson |

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Ólafur Rafnsson |
| Varaformaður: | Hannes Jónsson |
| Ritari: | Erla Sveinsdóttir |
| Gjaldkeri: | Sturla Jónsson |
| Meðstjórnandi: | Jóhannes Karl Sveinsson |
| Meðstjórnandi: | Halldór Halldórsson |
| Meðstjórnandi: | Gísli Georgsson |

NEFNDIR, DÓMSTÓLL, ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMENN KKÍ.

| | |
|---|---|
| Mótanefnd: | Ríkharður Hrafnkelsson<br>Hannes Jónsson<br>Gísli Georgsson |
| Dómaranefnd: | Bergur Steingrímsson<br>Hannes Jónsson<br>Kristinn Albertsson |
| Kvennalandsliðsnefnd: | Björg Hafsteinsdóttir<br>Guðni Hafsteinsson<br>Guðbjörg Norðfjörð |
| Karlalandsliðsnefnd: | Gísli Friðjónsson<br>Guðfinnur Friðjónsson<br>Jón Bjarni Helgason<br>Stefán Eggertsson |
| Unglingalandsliðsnefnd: | Björn Björgvinsson |

| | |
|---|---|
| Dómstóll KKÍ: | Gísli Gíslason<br>Halldór Halldórsson<br>Helgi Ingólfur Jónsson<br>Jóhannes Karl Sveinsson<br>Bogi Hjálmtýsson |
| Aganefnd KKÍ: | Jón Eysteinsson<br>Ágúst Jóhannesson<br>Hrafn G. Johnsen |
| Til vara: | Gunnar Aðalsteinsson<br>Ingimar Ingason<br>Skúli Valtýsson |
| Félagaskiptanefnd: | Bjarni Steinarsson<br>Halldór Halldórsson<br>Elínborg Guðnadóttir |
| Til vara: | Kristinn Jörundsson<br>Hilmar Magnússon<br>Ragnar B. Sigurðsson |
| Endurskoðendur: | Ottó Hafliðason<br>Gísli Friðjónsson |
| Framkvæmdastjóri: | Pétur Hrafn Sigurðsson |
| Íþróttafulltrúi: | Björn Leósson |
| Landsliðsþjálfari: | Friðrik Ingi Rúnarsson |

Upplýsingar um störf nefnda koma fram í skýrslum þeirra.

# SKÝRSLA STJÓRNAR

Fljótlega eftir að ársþingi lauk kom stjórn KKÍ saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 14 bókaða fundi auk fjölmargra annara formlegra og óformlegra funda.

**TILNEFNING Á KÖRFUKNATTLEIKSMANNI OG -KONU ÁRSINS**
Samkvæmt beiðni frá ÍSÍ tilnefna öll sérsambönd innan ÍSÍ íþróttamann og konu innan sinnar greinar fyrir hvert almanaksár. Stjórn KKÍ valdi að þessu sinni þau Birnu Valgarðsdóttur Keflavík og Jón Arnór Stefánsson KR/Trier fyrir árið 2002.

**FORMANNAFUNDIR**
Tveir formannafundir voru haldnir á tímabilinu. Fyrri fundurinn var haldinn 9. október 2002 og var þar m.a. rætt um nýjan stuðningsaðila við úrvalsdeildina en það er Intersport. Jafnframt um aukna upplýsingagjöf til fjölmiðla frá félögunum og KKÍ. Farið var yfir dómaramálin en nú eru settir dómarar á leiki í drengjaflokki í fyrsta sinn og sjónvarpsmálin rædd.

Síðari formannafundurinn var haldinn 25. febrúar 2003 en þar voru m.a. kynntar og ræddar hugmyndir „súpernefndarinnar" svokölluðu varðandi nýtt fyrirkomulag á keppni í úrvalsdeild karla og launaþak. Enn fremur var leiktími í úrvalsdeild ræddur og skoðanir forsvarsmanna félaganna á þessum nýja leiktíma.

**LEIÐARASKRIF Á KKI.IS**
Ólafur Rafnsson formaður KKÍ hefur haldið úti leiðaraskrifum á KKI.IS. Skrif þessi hafa vakið töluverða athygli, bæði innan íþróttahreyfingarinnar sem utan.

**SAMNINGUR VIÐ INTERSPORT**
KKÍ gerði samning við Intersport um að fyrirtækið verði aðalstuðningsaðili úrvalsdeildarinnar í körfuknattleik næstu þrjú árin. Hefur samstarfið gengið vel og hafa félögin staðið sig prýðilega í að halda nafni Inersport á lofti. Vonast stjórn KKÍ til að svo verði áfram.

**SAMNINGUR VIÐ FLUGLEIÐIR**
KKÍ er með samning í gildi við Flugleiðir eins og mörg undanfarin ár. Samstarfið hefur gengið vel og er samningurinn í gildi til ársloka 2003.

**SAMNINGUR VIÐ HÓPBÍLA**
Áframhaldandi samstarf er við Hópbíla, en það byggir á löngu og ánægjuríku samstarfi við Gísla Friðjónsson forstjóra Hópbíla.

**SAMNINGUR VIÐ SÝN OG RÚV.**
Nú í fyrsta sinn var gerður samningur við tvær sjónvarpsstöðvar á sama keppnistímabili. SÝN sýndi frá úrslitakeppni Intersportdeildar og RÚV sýndi frá úrslitaleikjum í bikarkeppni KKÍ & Doritos sem og úrslitaleikjum í Kjörísbikar.

**SAMNINGUR VIÐ B&L**
Samningur er í gildi við B&L en fyrirtækið var stuðningsaðili bikarkeppni KKÍ í þrjú ár og hefur eftir það verið einn af stuðningsaðilum KKÍ.

**SAMNINGUR VIÐ ÖLGERÐINA EGIL SKALLAGRÍMSSON**
Samningur KKÍ við Ölgerðina til þriggja ára rann út nú í lok febrúar um bikarkeppni KKÍ og Doritos. Unnið er að endurnýjun samningsins.

## SAMNINGUR VIÐ KJÖRÍS

Samningur KKÍ við Kjörís til þriggja ára rann út á þessu keppnistímabili. Samstarfið við fyrirtækið hefur gengið einstaklega vel og vonast stjórn KKÍ eftir að sá samningur verði endurnýjaður.

## SAMNINGUR VIÐ LENGJUNA

KKÍ hefur fengið 1,5% af þeirri upphæð sem tippað hefur verið á körfuboltaleiki á Lengjunni. Sú er ekki raunin lengur. Í staðinn náði KKÍ að gera langtímasamning við Lengjuna upp á fasta greiðslu árlega til KKÍ. Er sá samningur nokkuð hagstæðari en fyrra fyrirkomulag. Ástæða er til að hvetja körfuknattleiksunnendur að tippa á Lengjunni, 1x2 og í Lottóinu en þessi fyrirtæki eru sérsamböndum ÍSÍ afar mikilvægur fjárhagslegur bakhjarl, þar á meðal KKÍ.

## SAMNINGUR VIÐ PRIMO

KKÍ er með samning við heildverslunina Primo sem flytur inn Errea og And 1 fatnað. Samningurinn rennur út nú í sumar og vonast KKÍ til að forsendur séu til að endurnýja hann.

## SAMNINGUR VIÐ MÓNU

KKÍ gerði sl. ár samning við Mónu um að fyrirtækið gæfi öll verðlaun á Íslandsmótum og á Lokahófi. Lét KKÍ merkja alla verðlaunapeninga og gripi vegna þessa samnings. Óvissa er um framtíð samningsins vegna vanefnda Mónu.

## LOKAHÓF KKÍ

Lokahófið var að þessu sinni haldið í Stapanum í Njarðvík. Mæting á hófið var betri en oft áður og er það gleðilegt. Hófið sjálft tókst vel og vöktu heimatilbúin skemmtiatriði lukku viðstaddra. Hljómsveitin „Í svörtum fötum" lék svo fyrir dansi eftir verðlaunaafhendingu.

## MEISTARAKEPPNI Í KÖRFUKNATTLEIK

Meistarakeppnin – góðgerðaleikirnir – voru haldnir í áttunda sinn s.l. haust. Leikirnir fóru fram í Njarðvík þar sem Njarðvíkingar mættu KR-ingum bæði í karla og kvennaflokki. KKÍ var með þriggja ára samning við Umhyggju, félag langveikra barna, um að ágóði af leikjunum rynni til félags innan Umhyggju. Rann sá samningur út á síðasta ári. Ágóði leikjanna rann að þessu sinni til Foreldrafélags geðsjúkra barna og unglinga.

## STJÖRNULEIKUR KKÍ

Stjörnuleikur KKÍ fór fram á Ásvöllum í Hafnarfirði, og var framkvæmd leiksins í höndum Hauka. Leikurinn var sýndur í beinni útsendingu og var kynnt nýtt fyrirkomulag við val á liðunum sem léku. Einstaklingar úr liðum úr Suðurkjördæmi og Suðvesturkjördæmi (Hamar, Haukar, Breiðablik, Keflavík, Njarðvík, Grindavík) kepptu gegn liðum úr Reykjavíkurkjördæmum, Norðvestur og Norðausturkjördæmum (KR, ÍR, Valur, Skallagrímur, Snæfell, Tindastóll). Hugmyndin er að halda þessu fyrirkomulagi næstu árin og búa þannig til sögu í kring um leikina. Boðið var frítt á leikinn og voru það ESSO og Stakkavík sem það gerðu. Fjölmenni var á leiknum og var hann sýndur beint á RÚV. Troðslukeppni og þriggja stiga keppni fóru fram eins og venjulega og heppnuðust vel. Vandamálið er þó enn til staðar að fá einstaklinga til að taka þátt í troðslukeppninni. Verðlaun voru veitt fyrir sigur í troðslukeppninni (fataúttekt frá versluninni High and Mighty) og í þriggja stiga skotkeppninni (matarúttekt frá A. Hansen í Hafnarfirði). Skotkeppni yngri flokka fór fram fyrr um daginn, en heppnaðist ekki nægilega vel.

## NETIÐ OG VEFSÍÐA KKÍ

Notkun netsins fer mjög vaxandi í allri starfsemi KKÍ og í samskiptum við t.d. félög og fjölmiðla. Vefur KKÍ verður sífellt vinsælli og setur aðsóknarmet í hverjum mánuði, en meðaltalsfjöldi heimsókna á mánuði yfir keppnistímabilið liggur nærri 25 þúsund. Flestar heimsóknir voru nú í mars eða 31.634 heimsóknir. Enn sem fyrr hafa Óskar Ófeigur

Jónsson og Rúnar Gíslason verið óþreytandi við að setja inn úrslit á vefinn og Óskar hefur unnið mikið starf við að setja inn fréttir af úrslitum leikja í yngri flokkum, utanumhald á tölfræði úrslitaleikja auk tölfræði um ýmis mál sem finna má undir „greinar" á vefnum. Stjórn KKÍ hefur reynt að miðla upplýsingum til spjallverja í gegnum spjallsvæði vefjar Körfuknattleiksdómarafélags Íslands, KKDI.IS, sem hefur verið vinsæll vettvangur spjallverja undir stjórn Gunnars Freys Steinssonar (Mikki vefur) og Rúnars Gíslasonar (Lilli tölvumús).

## NÝTT LEIKVARP

Gunnar Freyr Steinsson endurbætti og lagaði leikvarpið á þann hátt að nú er hægt að senda inn á KKÍ síðuna öll úrslit og tölfræði úr leikjum strax að þeim loknum. Ekki er lengur um að ræða beinar útsendingar á netinu heldur eru upplýsingarnar slegnar inn strax að leik loknum. Hægt er að senda upplýsingarnar úr hvaða tölvu sem er sem er nettengd. Hefur þetta verið til mikilla bóta, og hafa flest félögin staðið sig vel í að nota og senda inn úrslit og tölfræðiupplýsingar.

## STYRKUR V. KENNSLUEFNIS OG TÖLVUKERFIS

KKÍ hefur fengið styrk til að þýða kennsluefni í körfuknattleik frá Menntamálaráðuneyti Íslands. Vonir standa til að hægt verði að gefa það út í haust.
KKÍ er með umsókn inni hjá ráðuneytinu um fjármagn til að setja upp nýtt mótakerfi. Kerfið væri á netinu þannig að öllum félögum verði gert auðvelt að sækja og setja inn upplýsingar um úrslit leikja, tölfræði ofl. Vonast er eftir jákvæðum niðurstöðum.

## FRAMLAG VEGNA UNGRA OG EFNILEGRA LEIKMANNA

KKÍ hefur fengið framlag frá ÍSÍ til að styðja við bakið á Agli Jónassyni úr Njarðvík en hann er 214 sm á hæð og gæti orðið mikið efni. Er þetta nýtt fjármagn sem þarna fæst frá ÍSÍ og vonast stjórn KKÍ til að fá tilefni til að sæka um styrk fyrir fleiri unga leikmenn, bæði drengi og stúlkur.

## HÁVAXNIR LEIKMENN

KKÍ samdi við Pétur Guðmundsson um að hann tæki að sér að sjá um æfingabúðir fyrir hávaxna drengi nú í vetur. Af ýmsum ástæðum hafa æfingar ekki enn hafist af krafti, en Pétur hefur safnað að sér töluvert miklum upplýsingum um hávaxna stráka. Stefnt er á að æfingar hefjist af krafti í sumar. Næsta vetur er ætlunin að vera með æfingar bæði fyrir stráka og stelpur.

## VEFSÍÐUR FÉLAGANNA

Flest félög í Intersportdeildinni og reyndar mörg önnur, hafa komið upp vefsíðu. Er slíkt mikilvæg þjónusta við áhangendur og í raun fjölmiðla einnig.
KKÍ hefur verðlaunað bestu vefi félaganna. Frá áramótum var valin besta vefur mánaðarins og svo á lokahófi KKÍ var valin vefur ársins. Þar varð fyrir valinu vefur ÍR.
Vefur marsmánaðar var vefur Tindastóls, vefur febrúarmánaðar var vefur ÍR og vefur janúarmánaðar var vefur KFÍ.
Ráðgert er að halda áfram að verðlauna félögin fyrir góða frammistöðu á vettvangi vefsíðna.

## FJÖLMIÐLAR

Á formannafundi sl. haust var rætt um að stórbæta upplýsingastreymi frá félögunum til fjölmiðla. Að hluta til var það gert í gegn um heimasíður félaganna en einnig var rætt að senda fréttatilkynningar til fjölmiðla þegar eitthvað gerðist hjá félaginu, leikmaður meiddist eða annað sem fréttnæmt geti talist. Einstök félög tóku þetta upp og framkvæmdu mjög vel í vetur. Var almenn ánægja meðal fjölmiðlamanna með framtak þeirra félaga, þó svo allt sem sent hafi verið hafi ekki verið birt.
Ástæða er að hvetja félögin til að senda fréttatilkynningar til fjölmiðlanna með afriti á KKÍ.

**FUNDIR**
Ólafur Rafnsson og Pétur Hrafn Sigurðsson sóttu fund FIBA sem haldinn var í Belgíu í maí sl. Á fundinum var Ólafur Rafnsson kosinn í stjórn FIBA Europe til næstu 4 ára. Pétur var valinn í unglinganefnd FIBA.
Ólafur hefur sótt tvo fundi stjórnar og Pétur einn fund unglinganefndarinnar.
Í október var fundur norðurlandaþjóðanna haldinn í Osló. Þar voru miklar breytingar gerðar á fyrirkomulagi samstarfs þjóðanna á landsliðsvettvangi. Karla og kvennamótin verða haldin á 4 ára fresti en unglingamótin á hverju ári, alltaf í Stokkhólmi í Svíþjóð.

**KOMA HARLEM GLOBETROTTERS TIL ÍSLANDS**
Harlem Globetrotters komu til Íslands í nóvember og var það í 5. sinn sem liðið kemur til Íslands. Umsjón og framkvæmd vegna komu liðsins hafði MB-Ísland ehf. KKÍ, ásamt nokkrum aðildarfélögum, aðstoðaði við framkvæmdina og átti að fá greidda þóknun vegna hennar. Því miður náðust ekki fjárhagsleg markmið heimsóknarinnar og því hafa KKÍ og aðildarfélögin ekki fengið uppgert fyrir sitt framlag.
Heimsóknin heppnaðist að öðru leyti mjög vel. Kynning var mikil í fjölmiðlum. Liðið lék í Keflavík, á Egilsstöðum, á Akureyri og á Sauðárkróki og tvo leiki í Laugardalshöllinni.

**VÍGSLA ÍÞRÓTTAHÚSA**
Fulltrúar KKÍ voru viðstaddir vígslu íþróttahúsa á Hvammstanga og í Vík í Mýrdal og gáfu minnibolta til viðkomandi félaga og húsa.

**ÚTVARPSAUGLÝSINGAR TIL KYNNINGAR Á KÖRFUKNATTLEIK.**
Í samningum KKÍ við SÝN voru ákvæði um auglýsingaúttekt sem KKÍ nýtti til að kynna körfuknattleik. Birtar voru útvarpsauglýsingar í útvarpsstöðvum Norðurljósa þar sem körfuknattleikur var kynntur og börn og unglingar hvött til að mæta á æfingar. Skv. könnun sem KKÍ gerði meðal félaganna skilaði þetta sumstaðar góðum árangri en annarstaðar minni. Kosturinn er þó sá að körfuknattleikur var í umræðunni í 2 vikur í stífri auglýsingaherferð.

**TÓBAKSLAUS LANDSLIÐ**
Stjórn KKÍ samþykkti að landslið Íslands skyldu vera reyklaus.

**ÞJÁLFARASPJALL**
KKÍ tók upp á þeirri nýbreytni að skipuleggja svokallað þjálfaraspjall þar sem KKÍ fékk einn þjálfara til að halda fyrirlestur um efni að eigin vali fyrir þjálfara. Spjallið fór fram tvisvar á laugardagsmorgnum og voru þeir Eggert Garðarsson og Friðrik Ragnarsson með fyrirlestra. Mæting var þokkalega góð. Markmiðið verður að halda þessu áfram og hafa fjóra fyrirlestra á næsta keppnistímabili.
Á Samkaupsmótinu í Reykjanesbæ var haldinn fundur þjálfara í minnibolta að frumkvæði KKÍ. Ræddar voru reglur í minnibolta. Niðurstöður má m.a. sjá í tillögum sem liggja fyrir þinginu.

**FJÖLMIÐLASEMINAR**
Eins og mörg undanfarin ár hélt KKÍ fjölmiðlaseminar þar sem íþróttafréttamenn og forystumenn KKÍ hittast og skiptast á skoðunum. Undanfarin ár hefur um óvissuferð verið að ræða. Nú var farið til Njarðvíkur þar sem körfuknattleiksdeild Njarðvíkur tók á móti hópnum með miklum myndarbrag. Er deildinni hér með þakkað. Fjölmiðlamenn leysa körfuboltaþrautir og taka skriflegt próf á þessu seminari. Sigurvegarinn í ár var Guðmundur Hilmarsson á Morgunblaðinu.

**STARFSSKÝRSLUR ÍSÍ**
Samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ fækkar iðkendum í körfuknattleik um 300 milli áranna 2000 – 2001. Er það stjórn KKÍ áhyggjuefni. Þegar farið er yfir iðkendatölur félaganna sést að nokkur misbrestur er á að félögin standi vel að skráningu iðkenda sinna og voru sum félög

með miklum mun færri iðkendur skráða í starfsskýrslur heldur en æfa í raun. Mikilvægt er að hafa þessa skráningu í lagi þar sem t.d. KKÍ féll úr þriðja sæti yfir stærstu sérsambönd innan ÍSÍ niður í það 7.

**FRAMLÖG FRÁ ÍSÍ**
Peningaleg framlög frá ÍSÍ hafa aukist á þessu ári og er það vel. ÍSÍ hefur fengið auknar fjárveitingar og hafa þær runnið til sérsambandanna. Þrátt fyrir aukningu til KKÍ þá er sú aukning minni en til annara sambærilegra sambanda og mun stjórn KKÍ gæta þess að fremsta megni að sambandið sitji ekki eftir við úthlutun framlaga frá ÍSÍ. Hafa formaður og framkvæmdastjóri KKÍ á starfsárinu átt bæði formlega og óformlega fundi með fyrirsvarsmönnum ÍSÍ vegna fjárhagsmálefna.
Tekjur af Lottói hafa aukist og hefur KKÍ notið þess.

**FRAMLÖG FRÁ SVEITARFÉLÖGUM**
KKÍ setti af stað könnun meðal aðildarfélaga til að kanna hvernig framlögum sveitarfélaga til félaganna er háttað. Svör hafa borist frá 10 félögum. Ljóst er að þessi mál eru í mjög mismunandi horfi eftir sveitarfélögum, allt frá því að vera ekkert yfir í að vera töluverð fjárhæð á mánuði. Vonandi sjá fleiri félög sér fært að svara þessari könnun þannig að hægt verið að kynna niðurstöður.

**SKÓLAMÓT**
Framhaldsskólamót var haldið á Sauðárkróki og var um helgarmót að ræða. Er þetta nýtt fyrirkomulag sem reyndist vel í fyrra. Verður reynslan af þessu móti metin í haust.

**ÚTGÁFA Á KYNNINGARBÆKLINGI**
Kynningarbæklingur hefur nýlega verið gefinn út þar sem farið er í gegnum undirstöðuatriði körfuknattleiks og kynntar einföldustu reglur. Pétur Guðmundsson hafði umsjón með útgáfu bæklingsins. Markmiðið verður að dreifa honum í haust og er markhópurinn foreldrar og forráðamenn leikmanna.

**STOFNUN NÝRRAR KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR**
Í samstarfi við Pétur Guðmundsson hefur KKÍ aðstoðað Aftureldingu við endurreisn körfuknattleiksdeildar hjá félaginu. Vel hefur tekist til og hafa mætt um 30 krakkar á minniboltaæfingar.

**GOLFMÓT KÖRFUKNATTLEIKSMANNA**
Golfmótið fór fram í fimmta sinn og var það haldið á Hellu undir öruggri stjórn formanns mótanefndar KKÍ, Ríkharðs Hrafnkelssonar. Bjarni Magnússon ÍS sigraði án forgjafar og Jón Nordal Hafsteinsson sigraði með forgjöf. Athygli er vakin á að mótið verður 13. júní nú í sumar á suðurnesjum.

**LYFJAMÁLEFNI**
Alls voru 16 körfuknattleiksmenn teknir í lyfjapróf hjá ÍSÍ. Enginn féll á prófinu.

**HEIÐURSVIÐURKENNINGAR**
Magnús Svavarsson, stjórnarmaður KKÍ fékk gullmerki KKÍ á ársþingi sem haldið var á Sauðárkróki. Lárus Ingi Friðfinnsson, Eyjólfur Guðlaugsson og Halldór Halldórsson fengu silfurmerki KKÍ. Erla Sveinsdóttir stjórnarmaður í KKÍ til margra ára fékk gullmerki sambandsins á lokahófi þess nú í apríl. Silfurmerki fengu Júlíus Valgeirsson Njarðvík, Þorgrímur St. Árnason Keflavík, Rúnar Gíslason Tindastól og Óskar Ófeigur Jónsson ÍS.

**ÚTGÁFA MÓTABÓKAR**
Ekki var gefin út mótabók í ár frekar en í fyrra. Allar upplýsingar sem í mótabók voru má finna á netinu og því óþarfi að gefa út slíka bók, sérstaklega þar sem hún var farin að kosta sambandið töluverða fjárhæð á ári hverju.

# SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Mótanefnd var skipuð þeim Ríkharði Hrafnkelssyni formanni, Hannesi Jónssyni og Jóni Halldórssyni. Björn Leósson var starfsmaður mótanefndar.

Grindvíkingar urðu deildarmeistarar í Intersport-deildinni, en Skallagrímur og Valur féllu í 1. deild. Úrslitakeppnin var mjög skemmtileg og spennandi og margar viðureignir enduðu með oddaleikjum. Njarðvík hafði sigur á KR 2-0 í 8-liða úrslitum, en í oddaleikjum slógu Keflvíkingar ÍR-inga út, Grindvíkingar unnu Hamarsmenn og Tindastólsmenn slógu Hauka út. Grindvíkingar slógu Tindastól út í oddaleik í undanúrslitum, en Keflavíkingar slógu granna sína í Njarðvík út í þremur viðureignum. Í lokaúrslitunum endurtóku Keflvíkingar leikinn og slógu Grindvíkinga út í þremur viðureignum. Þór Ak. ákvað að leika ekki í deildinni og tók Skallagrímur sæti þeirra. Þór Ak. var heimiluð þátttaka í 2. deild karla.

Keflavík fagnaði sigri í bikarkeppni KKÍ & DORITOS eftir úrslitaleik við Snæfell. Keflavík lék einnig til úrslita í bikarkeppni kvenna, en tapaði þar fyrir ÍS í framlengdum leik. Þar gekk Keflavíkingum úr greipum eini stóri titillinn í vetur. Í Kjörísbikarnum vann Keflavík einnig eftir æsilegan úrslitaleik gegn Grindvíkingum. Keflvíkingar sigruðu KR í undanúrslitum, en Grindvíkingar lögðu Hauka. Keppnin fór að þessu sinni fram í Keflavík. Vegna stjórnarkreppu varð Stjarnan að gefa leiki sína gegn KR í 16-liða úrslitum Kjörísbikarsins. Keflavík sigraði einnig í Kjörísbikar kvenna, sem haldin var í þriðja sinn. Að þessu sinni var leikið í Smáranum í Kópavogi. Í úrslitaleik bar Keflavík sigurorð af KR.

Í 1. deild kvenna leiku sex félög, en Haukar komu upp úr 2. deild. Keflavík varð deildarmeistari og einnig Íslandsmeistari eftir þrjá úrslitaleiki gegn KR. Keflvíkingar slógu Njarðvíkinga út í undanúrslitum, 2-0, en KR hafði betur gegn UMFG í oddaleik. Mikil spenna var í fallbaráttu deildarinnar, sem er nýmæli. Sú barátta varð tvímælalaust til þess að auka gæði leikjanna, en hver leikur botnliðanna skipti verulega máli. Svo fór að lokum að nýliðar Hauka féllu í 2. deild.

1. deild karla kepptu níu lið, en ekki tíu eins og undanfarin ár. Kom það til af því Skallagrímur tók sæti Þórs Ak. í úrvalsdeild, þegar félagið ákvað að draga lið sitt úr deildinni. Einnig voru nokkur vandræði að fylla 1. deildina og stóðu þau vandræði frá miðju sumri og langt fram á haust. ÍG ákvað að taka ekki sæti í deildinni og tók Selfoss sæti þeirra. Þá ákvað ÍV að taka ekki sæti í deildinni og leika í þess stað í 2. deild. Hrunamenn ákváðu að taka sætið, en hættu síðan við það og þá var röðin komin að Hetti sem þáði sætið og lék í deildinni. Þegar ljóst var að Skallagrímur tæki sæti í úrvalsdeild var leitað eftir tíunda liðinu í deildina. ÍA hafnaði því að taka sæti í deildinni. Þá tilkynnti aðalstjórn Stjörnunnar KKÍ að félagið myndi ekki senda lið í 1. deild karla, þar sem ekki væri starfhæf stjórn í körfuknattleiksdeildinni. Eftir fundahöld með stjórn Stjörnunnar og aðstoð við myndun nýrrar stjórnar var fyrri ákvörðun dregin til baka og Stjarnan lék í deildinni, en fyrsta leik þeirra í deildinni hafði verið frestað. Litlu munaði því að aðeins átta lið lékju í deildinni. KFÍ varð deildarmeistari, en auk þeirra komust Þór Þ., Reynir S. og Ármann/Þróttur í úrslitakeppnina. KFÍ og Þór Þ. tryggðu sér sæti í Intersport-deildinni, Þór Þ. í fyrsta sinn og KFÍ tryggði sér síðan Íslandsmeistaratitil með sigri á Þór Þ. Viðureign KFÍ og Ármanns/Þróttar fór í oddaleik sem var framlengdur og mikil spenna. Selfoss/Laugdælir féllu í 2. deild.

Alls var leikið í 6 landshlutadeildum í 2. deild karla. Úrslitakeppni 2. deildar karla, A-liða, fór að þessu sinni fram á Akureyri. Leikið var í riðlum Glerárskóla og Höllinni en úrslitaleikirnir fór fram í Höllinni. Þór Ak. og ÍG léku til úrslita og svo fór Þór sigraði og leikur í 1. deild að ári, ásamt ÍG.

Í 2. deild kvenna tóku þátt níu lið í vetur eins og í fyrra. ÍR tryggði sér sæti í 1. deild, sigraði í öllum 16 leikjum sínum í deildinni. Það er von og trú mótanefndar og starfsmanns hennar að enn fjölgi í deildinni á næstu árum.
Bikarúrslit yngri flokka voru haldin að Ásvöllum í Hafnarfirði annað árið í röð. Haukar höfðu veg og vanda að skipulagningu og umgjörð leikjanna sem var eins og best verður á kosið. Sérstakt gjald (kr. 10.000) var innheimt af þátttökuliðinum eins og árið 2002. Á þingi því sem nú er haldið liggur fyrir tillaga um að þetta gjald verði áfram innheimt af þeim liðum sem leika í bikarúrslitum yngri flokka.

Nokkur brögð voru að því að dómarar skiluðu skýrslum seint eða ekki til KKÍ. Í nokkrum tilvikum tókst því ekki að fá rétta lokastöðu í deildum eða úrslit í einstökum bikarleikjum, eins og sést hér aftar í skýrslu mótanefndar. Sérstaklega olli þetta vandræðum við framkvæmd á bikarkeppni yngri flokka og varð nokkrum sinnum að treysta á munnmæli hvað varðar úrslit leikja. Komið var að drætti og næstu umferð bikarkeppninnar og skýrslur höfðu ekki allar skilað sér til KKÍ. Nauðsynlegt er að dómarar taki sig á hvað þetta varðar.

Alls sendu 43 félög lið til keppni á Íslandsmótinu 2002-2003, auk þess var gestalið (unglingalandslið KKÍ í drengjaflokki). Félögum sem taka þátt í Íslandsmótinu fækkaði því um fimm frá síðasta ári. Fimm félög sem voru með árið áður tóku ekki þátt að þessu sinni, en eitt nýtt bættist við. Þau sem ekki tóku þátt voru: UMF Hvöt Grímsnesi, Geislinn, Örninn, Skotfélag Akureyrar og ÍR/Breiðablik sendi ekki sameiginleg lið til keppni í kvennaflokkum, heldur hvort í sínu lagi. Nýja félagið var UMF Bessastaðahrepps. Af þessum 43 félögum tóku 40 þátt í deildarkeppninni í meistaraflokki, en 3 félög, sendu aðeins lið til keppni í yngri flokkunum. Þau voru: Kormákur, Reykdælir og UMF Bessastaðahrepps. Selfoss og Laugdælir sendu sameiginlegt lið til keppni í 1. deild karla og 2. deild karla. Laugdælir tóku þátt í 2. deild kvenna. Skallagrímur, Snæfell og ÍA sendu sameiginlegt lið til keppni í unglingaflokki kvenna.

## ÍSLANDSMÓT 2002-2003

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur karla - Intersport-deild | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| 1. deild kvenna | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| 1. deild karla | Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar |
| 2. deild karla | Íþróttafélagið Þór Ak. |
| 2. deild kvenna | Íþróttafélag Reykjavíkur |
| 1. flokkur karla (2. deild c-lið) | Breiðablik, ungmennafélag |
| Unglingaflokkur karla (2. deild b-lið) | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| Unglingaflokkur kvenna | Knattspyrnufélagið Haukar |
| Drengjaflokkur | Ungmennfélag Njarðvíkur |
| 11. flokkur karla | Ungmennafélagið Fjölnir |
| 10. flokkur karla | Ungmennafélagið Fjölnir |
| 10. flokkur kvenna | Knattspyrnufélagið Haukar |
| 9. flokkur karla | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 9. flokkur kvenna | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| 8. flokkur karla | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 8. flokkur kvenna | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 7. flokkur karla | Knattspyrnufélagið Haukar |
| 7. flokkur kvenna | Ungmennafélag Grindavíkur |
| Minnibolti drengja | Breiðablik, ungmennafélag |
| Minnibolti stúlkna | Ungmennafélag Njarðvíkur |

ÍSLANDSMEISTARAR Í 2. DEILD YNGRI FLOKKA

| | |
|---|---|
| Minnibolti drengja | Íþróttafélagið Þór Akureyri |

## MEISTARFLOKKUR KARLA INTERSPORT-DEILD

INTERSPORT-deildin 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFG | 22 | 17 | 5 | 2034:1858 | 176 | 34 |
| 2. | Keflavík | 22 | 17 | 5 | 2213:1843 | 370 | 34 |
| 3. | Haukar | 22 | 15 | 7 | 1972:1881 | 91 | 30 |
| 4. | KR | 22 | 15 | 7 | 1938:1801 | 137 | 30 |
| 5. | UMFN | 22 | 13 | 9 | 1822:1827 | -5 | 26 |
| 6. | Tindastóll | 22 | 12 | 10 | 1957:1944 | 13 | 24 |
| 7. | ÍR | 22 | 11 | 11 | 1907:1969 | -62 | 22 |
| 8. | Hamar | 22 | 8 | 14 | 1984:2122 | -138 | 16 |
| 9. | Snæfell | 22 | 8 | 14 | 1772:1814 | -42 | 16 |
| 10. | Breiðablik | 22 | 7 | 15 | 1964:2054 | -90 | 14 |
| 11. | Valur | 22 | 5 | 17 | 1796:2044 | -248 | 10 |
| 12. | Skallagrímur | 22 | 4 | 18 | 1821:2023 | -202 | 8 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI INTERSPORT-DEILDAR

### 8-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFG – Hamar | 80-74 | Haukar – Tindastóll | 91-89 |
| Hamar – UMFG | 90-88 | Tindastóll – Haukar | 81-79 (71-71) |
| UMFG – Hamar | 97-73 | Haukar – Tindastóll | 85-89 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík – ÍR | 103-75 | KR – UMFN | 87-90 |
| ÍR – Keflavík | 103-86 | UMFN – KR | 97-95 |
| Keflavík – ÍR | 115-84 | | |

### 4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFG – Tindastóll | 87-80 | Keflavík - UMFN | 108-64 |
| Tindastóll – UMFG | 108-101 | UMFN – Keflavík | 97-101 |
| UMFG – Tindastóll | 92-77 | Keflavík – UMFN | 105-80 |
| Tindastóll - UMFG | 87-82 | | |
| UMFG – Tindastóll | 109-77 | | |

### ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| UMFG – Keflavík | 94-103 |
| Keflavík - UMFG | 113-102 |
| UMFG - Keflavík | 97-102 |

**TÖLFRÆÐI INTERSPORT-DEILDAR - VERÐLAUNAHAFAR**
(Sjá nánar www.kki.is)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Flest stig í INTERSPORT – deild | Stevie Johnson | Haukar | 34,6 |
| Besta nýting úr 3ja stiga skotum | Gunnar Einarsson | Keflavík | 50,0% |
| Besta vítanýting | Eiríkur Önundarson | ÍR | 86,9% |
| Flest fráköst | Darrell Flake | KR | 14,8 |
| Flestar stoðsendingar | Lárus Jónsson | Hamar | 6,2 |
| Flest varin skot | Michail Antropov | Tindastól | 3,7 |
| Flestir stolnir boltar | Eugene Christopher | ÍR | 3,4 |

## ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

| | | |
|---|---|---|
| Úrvalslið Intersport-deildar | Helgi J. Guðfinnsson | UMFG |
| | Eiríkur Önundarson | ÍR |
| | Damon Johnson | Keflavík |
| | Páll Axel Vilbergsson | UMFG |
| | Páll Kristinsson | UMFN |
| | Hlynur Bæringsson | Snæfelli |
| Besti leikmaður | Helgi J. Guðfinnsson | UMFG |
| Besti ungi leikmaðurinn | Sævar Haraldsson | Haukar |
| Besti erlendi leikmaður | Stevie Johnson | Haukar |
| Besti vararmaðurinn | Sverrir Þór Sverrisson | Keflavík |
| Besti þjálfari | Reynir Kristjánsson | Haukar |
| Besti dómari | Leifur Garðarsson | Haukar |
| Prúðasti leikmaðurinn | Sverrir Þór Sverrisson | Keflavík |

## LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KVENNA

1. deild kvenna 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Keflavík | 20 | 18 | 2 | 1573:1092 | 481 | 36 |
| 2. | KR | 20 | 12 | 8 | 1284:1256 | 28 | 24 |
| 3. | UMFG | 20 | 10 | 10 | 1392:1417 | -25 | 20 |
| 4. | UMFN | 20 | 8 | 12 | 1332:1405 | -73 | 16 |
| 5. | ÍS | 20 | 7 | 13 | 1188:1372 | -184 | 14 |
| 6. | Haukar | 20 | 5 | 15 | 1159:1386 | -227 | 10 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILDAR KVENNA

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík - UMFN | 87-62 | KR - UMFG | 71-55 |
| UMFN - Keflavík | 72-79 | UMFG - KR | 72-67 |
| | | KR - UMFG | 74-54 |

ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| Keflavík – KR | 75-47 |
| KR – Keflavík | 70-82 |
| Keflavík - KR | 82-61 |

## TÖLFRÆÐI 1. DEILDAR KVENNA - VERÐLAUNAHAFAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| Besta vítanýting | Alda Leif Jónsdóttir | ÍS | 84,9% |
| Besta nýting úr 3ja stiga skotum | Svava Ó. Stefánsdóttir | Keflavík | 40,0% |
| Flest stig | Yvonne Denise Shelton | UMFG | 30,9 |
| Flest fráköst | Jessica Stomski | KR | 17,0 |
| Flest varin skot | Alda Leif Jónsdóttir | ÍS | 2,6 |
| Flestir stolnir boltar | Sonja Ortega | Keflavík | 6,2 |
| Flestar stoðsendingar | Sonja Ortega | Keflavík | 5,4 |

## ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

| | | |
|---|---|---|
| Úrvalslið 1. deildar kvenna | Hildur Sigurðardóttir | KR |
| | Helga Þorvaldsdóttir | KR |
| | Birna Valgarðsdóttir | Keflavík |
| | Erla Þorsteinsdóttir | Keflavík |
| | Svandís Sigurðardóttir | ÍS |
| Besti leikmaður | Hildur Sigurðardóttir | KR |
| Besti ungi leikmaðurinn | Helena Sverrisdóttir | Haukar |
| Besti varnarmaðurinn | Birna Valgarðsdóttir | Keflavík |
| Besti þjálfari | Einar Árni Jóhannsson | UMFN |
| Besti erlendi leikmaðurinn | Yvonne Denise Shelton | UMFG |
| Prúðasti leikmaðurinn | Alda Leif Jónsdóttir | ÍS |

## LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KARLA

### 1. **deild karla** **2003**

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KFÍ | 16 | 14 | 2 | 1467:1253 | 214 | 28 |
| 2. | Þór Þorl. | 16 | 11 | 5 | 1226:1169 | 57 | 22 |
| 3. | Reynir S. | 16 | 10 | 6 | 1409:1338 | 71 | 20 |
| 4. | Ármann/Þróttur | 16 | 9 | 7 | 1376:1330 | 46 | 18 |
| 5. | Fjölnir | 16 | 7 | 9 | 1331:1344 | -13 | 14 |
| 6. | Höttur | 16 | 7 | 9 | 1127:1304 | -177 | 14 |
| 7. | Stjarnan | 16 | 6 | 10 | 1166:1201 | -35 | 12 |
| 8. | ÍS | 16 | 4 | 12 | 1201:1284 | -83 | 8 |
| 9. | Selfoss/Laugdæl | 16 | 4 | 12 | 1252:1332 | -80 | 8 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILD KARLA

4-LIÐA ÚRSLIT

KFÍ – Ármann/Þróttur 107-67
Ármann/Þróttur – KFÍ 92-84
KFÍ – Ármann/Þróttur 102-100 (92-92)

Þór þ. – Reynir S. 90-77
Reynir S- Þór Þ. 69-79

ÚRSLIT

KFÍ – Þór Þ. 85-80

## 2. DEILD KARLA

Alls tók 19 félög þátt í 2. deild karla. Auk þess tóku unglingaflokkar þátt í deildinni sem B-lið og 1. flokks lið sem C-lið. Deildinni skipt í sex deildir og leikið var heima og að heiman.

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-1

### 2. deild ka. A-1 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Keflavík B | 14 | 12 | 2 | 1094:915 | 179 | 24 |
| 2. | Breiðablik B | 14 | 10 | 4 | 1202:1064 | 138 | 20 |
| 3. | ÍA | 14 | 8 | 6 | 1148:1064 | 84 | 16 |
| 4. | Árm/Þróttur C | 14 | 7 | 7 | 1057:1023 | 34 | 14 |
| 5. | HK | 14 | 7 | 7 | 1097:996 | 101 | 14 |
| 6. | Fjölnir C | 14 | 6 | 8 | 1078:1170 | -92 | 12 |
| 7. | Deiglan | 14 | 3 | 11 | 854:1115 | -261 | 6 |
| 8. | Valur C | 14 | 3 | 11 | 975:1158 | -183 | 6 |

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-2

2. deild ka. A-2 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KR B | 14 | 12 | 2 | 1162:930 | 232 | 24 |
| 2. | Haukar B | 14 | 11 | 3 | 1144:940 | 204 | 22 |
| 3. | Breiðablik C | 14 | 10 | 4 | 1140:1098 | 42 | 20 |
| 4. | ÍG | 14 | 9 | 5 | 1180:1150 | 30 | 18 |
| 5. | Fjölnir B | 14 | 5 | 9 | 1117:1205 | -88 | 10 |
| 6. | HHF | 14 | 5 | 9 | 1005:1141 | -136 | 10 |
| 7. | Reynir S. C | 14 | 3 | 11 | 1131:1228 | -97 | 6 |
| 8. | Hrönn | 14 | 1 | 13 | 885:1072 | -187 | 2 |

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-3

2. deild ka. A-3 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFN B | 12 | 8 | 4 | 1184:974 | 210 | 16 |
| 2. | ÍR B | 11 | 8 | 3 | 996:932 | 64 | 16 |
| 3. | Keflavík C | 12 | 7 | 5 | 1029:967 | 62 | 14 |
| 4. | Haukar C | 12 | 6 | 6 | 1026:1023 | 3 | 12 |
| 5. | Árvakur | 12 | 5 | 7 | 846:895 | -49 | 10 |
| 6. | UMFG B | 11 | 4 | 7 | 839:931 | -92 | 8 |
| 7. | Léttir | 12 | 3 | 9 | 766:964 | -198 | 6 |
| 8. | KR C | | 0 | 0 | 0:0 | 0 | 0 |

KR c hætti keppni. Úrslit vantar í einum leik.

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-4

2. deild ka. A-4 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Self/Laugdæl C | 14 | 11 | 3 | 1109:928 | 181 | 22 |
| 2. | Grundarfj. | 15 | 11 | 4 | 1231:1112 | 119 | 22 |
| 3. | Þór Þorl. B | 14 | 8 | 6 | 1042:1002 | 40 | 16 |
| 4. | ÍV | 15 | 7 | 8 | 1042:978 | 64 | 14 |
| 5. | UMFH | 15 | 5 | 10 | 1132:1317 | -185 | 10 |
| 6. | Reynir H | 15 | 2 | 13 | 929:1148 | -219 | 4 |

Úrslit vantar í einum leik.

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-5

2. deild ka. A-5 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KFÍ B | 12 | 10 | 2 | 1071:702 | 369 | 20 |
| 2. | Hörður | 12 | 8 | 4 | 818:742 | 76 | 16 |
| 3. | KFÍ C | 12 | 8 | 4 | 855:718 | 137 | 16 |
| 4. | UMF Bolungarv. | 12 | 3 | 9 | 653:850 | -197 | 6 |
| 5. | Reynir Hn. | 12 | 1 | 11 | 630:1015 | -385 | 2 |

**LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-6**

2. deild ka. A-6 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Þór Ak. | 15 | 15 | 0 | 1610:819 | 791 | 30 |
| 2. | Dalvík | 15 | 10 | 5 | 1309:1119 | 190 | 20 |
| 3. | Smári V. | 15 | 8 | 7 | 1042:1103 | -61 | 16 |
| 4. | Tindastóll C | 15 | 8 | 7 | 1147:1095 | 52 | 16 |
| 5. | Þór Ak. B | 15 | 3 | 12 | 957:1356 | -399 | 6 |
| 6. | ÍFL | 15 | 1 | 14 | 827:1400 | -573 | 2 |

**ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILDAR KARLA**

Sigurvegarar riðlanna komust í úrslit auk liða númer 2 í A4 og A6. Keppnin var að þessu sinni haldin á Akureyri. Riðlarnir voru leiknir í Höllinni og Glerárskóla og úrslitaleikirnir fóru fram í Höllinni. Liðunum var skipt í tvo riðla og léku allir við alla innan riðlanna. Tvö efstu liðin í hvorum riðli léku síðan til undanúrslita og sigurvegarar þeirra leikja úrslitaleik deildarinnar og tapliðin léku um 3. sætið o.s.f.v. Svo fór að Þór Ak. og ÍG léku til úrslita og hafði Þór Ak. betur. Bæði liðin unnu sér rétt til að leika í 1. deild að ári.

Riðlaskiptingin var eftirfarandi:
A-riðill: Þór Ak., ÍV, Árvakur, UMF Grundarfjarðar.
B-riðill: ÍA, ÍG, Dalvík, Hörður.

Úrslit leikjanna voru eftirfarandi:
A-riðill:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þór Ak. – UMF Grundarfjarðar | 146-50 | Þór Ak. – Árvakur | 125-48 |
| ÍV - Árvakur | 78-70 | Árvakur – UMF Grundarfjarðar | 90-98 |
| ÍV – UMF Grundarfjarðar | 68-76 | Þór Ak. - ÍV | 84-45 |

B-riðill:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hörður – Dalvík | 62-97 | Hörður - ÍG | 33-86 |
| ÍA - ÍG | 71-94 | ÍG – Dalvík | 105-89 |
| ÍA- Dalvík | 91-84 | Hörður - ÍA | 37-108 |

**LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI:**

2.deild ka.úrsl. A-riðill 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Þór Ak. | 3 | 3 | 0 | 355:143 | 212 | 6 |
| 2. | Grundarfj. | 3 | 2 | 1 | 224:304 | -80 | 4 |
| 3. | ÍV | 3 | 1 | 2 | 191:230 | -39 | 2 |
| 4. | Árvakur | 3 | 0 | 3 | 208:301 | -93 | 0 |

**LOKASTAÐAN Í B-RIÐLI:**

2.deild ka.úrsl. B-riðill 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | ÍG | 3 | 3 | 0 | 285:193 | 92 | 6 |
| 2. | ÍA | 3 | 2 | 1 | 270:215 | 55 | 4 |
| 3. | Dalvík | 3 | 1 | 2 | 270:258 | 12 | 2 |
| 4. | Hörður | 3 | 0 | 3 | 132:291 | -159 | 0 |

UNDANÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þór Ak. - ÍA | 89-44 | ÍG – UMF Grundafjarðar | 100-90 |

LEIKIR UM SÆTI:

| | | |
|---|---|---|
| 1.-2. sæti: | Þór Ak. - ÍG | 94-91 |
| 3.-4. sæti | ÍA – UMF Grundarfjarðar | 79-62 |
| 5.-6. sæti | Dalvík -ÍV | 65-75 |
| 7.-8. sæti | Hörður – Árvakur | 61-102 |

**2. DEILD KVENNA**

Alls tóku 9 félög þátt í 2. deild kvenna. Íslandsmeistari varð ÍR.

2. deild kvenna 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | ÍR | 16 | 16 | 0 | 1177:683 | 494 | 32 |
| 2. | Tindastóll | 16 | 11 | 5 | 1018:812 | 206 | 22 |
| 3. | Þór Ak. | 16 | 11 | 5 | 944:847 | 97 | 22 |
| 4. | Laugdælir | 16 | 10 | 6 | 1008:806 | 202 | 20 |
| 5. | Hamar | 16 | 9 | 7 | 911:844 | 67 | 18 |
| 6. | KFÍ | 16 | 6 | 10 | 826:778 | 48 | 12 |
| 7. | UMFH | 16 | 5 | 11 | 846:985 | -139 | 10 |
| 8. | Breiðablik | 16 | 3 | 13 | 796:1021 | -225 | 6 |
| 9. | Árm/Þróttur | 16 | 1 | 15 | 521:1271 | -750 | 2 |

**1. FLOKKUR KARLA**

Ellefu félög sem tilheyrðu 1. flokki karla skráðu sig til keppni og léku þau í 2. deild karla. Sjá hér framar. Þessi lið eru auðkennd með bókstafnum C.

**ÚRSLITAKEPPNI 1. FLOKKS KARLA (C-lið 2. deildar ka.)**

Eftirtalin félög komust í úrslitakeppni 1. flokks karla: Ármann/Þróttur, Fjölnir, Breiðablik, Keflavík, Haukar, Selfoss/Laugdælir, KFÍ, Tindastóll. Tindastóll hætti við þátttöku.

8-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik - KFÍ | 103-63 | Keflavík - Tindastóll | 20-0 |
| Selfoss/Laugdælir - Haukar | 73-74 | Ármann/Þróttur - Fjölnir | 76-59 |

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik - Haukar | 100-66 | Keflavík – Ármann/Þróttur | 87-89 |

ÚRSLIT

**Breiðablik – Ármann/Þróttur 82-67**

**UNGLINGAFLOKKUR KARLA**

Ellefu félög sem tilheyra unglingaflokki karla skráðu sig til keppni og léku þau í 2. deild karla. Sjá hér framar. Þessi lið eru auðkennt með bókstafnum B.

## ÚRSLITAKEPPNI UNGLINGAFLOKKS KARLA (B-lið 2. deild ka.)

Eftirtalin félög komust í 8-liða úrslit: Keflavík, Breiðablik, KR, Haukar, UMFN, ÍR, Þór Þ. KFÍ. KFÍ hætti við þátttöku í úrslitakeppninni.

8-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík - KFÍ | 20-0 | KR – Þór Þ. | 81-74 |
| ÍR - Breiðablik | 87-81 | UMFN - Haukar | 93-84 |

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík - UMFN | 100-101 | ÍR – KR | 79-72 |

ÚRSLIT

**UMFN - Keflavík 70-67**

## DRENGJAFLOKKUR

Eftirtalin félög tóku þátt í drengjaflokki. Leikið var með nýju sniði, í tveimur riðlum heima og heiman:
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Fjölnir, Valur, UMFN, UMFG, Keflavík, Unglingalandsliðið.
B-riðill: ÍR, KR, Haukar, Stjarnan, Selfoss, Skallagrímur. Skallagrímur hætti keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFN – ÍR | 93-64 | Keflavík – Haukar | 58-72 |
| **UMFN – Keflavík** | **92-88** | | |

## 11. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 11. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: ÍR, Valur UMFN, Þór Ak.
B-riðill: Fjölnir, KR, Keflavík, Haukar.
C-riðill: KFÍ, Tindastóll, Snæfell, ÍA.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þór Ak. – Fjölnir | 62-76 | ÍR – KR | 85-63 |
| **Fjölnir – ÍR** | **75-66** | | |

## 10. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: KR, Fjölnir, Keflavík, ÍA, Þór Ak.
B-riðill: ÍR, Valur, Haukar, Fjölnir b.
C-riðill: Breiðablik, Hamar, Selfoss, Stjarnan.
D-riðill: Kormákur, Þór Þ. ÍV, Höttur.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þór Ak. – Fjölnir | 67-71 | KR - ÍR | 72-57 |
| **Fjölnir – KR** | **71-68** | | |

## 9. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 9. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: KR, Fjölnir, ÍA, Keflavík, KFÍ.
B-riðill: Haukar, UMFH, UMFN, Tindastóll.
C-riðill: UMFG, Hamar, Valur, Breiðablik.
D-riðill: Þór Ak, Reykdælir, Ármann/Þróttur, Fjölnir b.
Reykdælir mættu ekki í 1. umferð en léku sem gestalið eftir það.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFN - Keflavík | 42-33 | Fjölnir - KR | 61-46 |
| **UMFN – Fjölnir** | **61-54** | | |

## 8. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Keflavík, UMFN, UMFG, Tindastóll, Fjölnir, Breiðablik.
B-riðill: UMFH, Hamar, Haukar, Snæfell, Ármann/Þróttur, Þór Ak.
C-riðill: KR, Valur, Breiðablik b, Höttur, Stjarnan, Þór Þ.
D-riðill: ÍR, Fjölnir b, KFÍ, Kormákur, Selfoss, UMF Bessastaðahrepps.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

8. ka. 1. D. A, 4. Umf 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFN | 4 | 4 | 0 | 221:135 | 86 | 11 |
| 2. | Keflavík | 4 | 3 | 1 | 178:164 | 14 | 9 |
| 3. | UMFH | 4 | 2 | 2 | 140:165 | -25 | 7 |
| 4. | Fjölnir | 4 | 1 | 3 | 155:179 | -24 | 6 |
| 5. | Breiðablik | 4 | 0 | 4 | 141:192 | -51 | 3 |

## 7. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 7. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: ÍR, Breiðablik, Haukar, Keflavík, Þór Þ. Tindastóll.
B-riðill: KR, Fjölnir, ÍA, UMFN, Hamar.
C-riðill: Stjarnan, Valur, Ármann/Þróttur, Breiðablik b, Keflavík b.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

7. ka. 1. D. A, 4. Umf 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Haukar | 5 | 5 | 0 | 241:137 | 104 | 13 |
| 2. | KR | 5 | 4 | 1 | 199:187 | 12 | 12 |
| 3. | Breiðablik | 5 | 3 | 2 | 194:168 | 26 | 10 |
| 4. | ÍR | 5 | 2 | 3 | 150:186 | -36 | 9 |
| 5. | Keflavík | 5 | 1 | 4 | 180:206 | -26 | 7 |
| 6. | Hamar | 5 | 0 | 5 | 127:207 | -80 | 5 |

**MINNIBOLTI DRENGJA**

Eftirtalin félög tóku þátt í minnibolta drengja og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: ÍR, Breiðablik, Haukar, Tindastóll, UMFH, Keflavík.
B-riðill: KR, Fjölnir, Hamar, Þór Þ. Fjölnir b.
C-riðill: UMFN, Stjarnan, ÍA, Ármann/Þróttur, Breiðablik b.
D-riðill: Valur, Reynir S. UMFG, Hörður, Snæfell.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

**MB. ka. 1. D. A, 4. Umf 2003**

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Breiðablik | 5 | 5 | 0 | 249:180 | 69 | 10 |
| 2. | Fjölnir | 5 | 4 | 1 | 242:168 | 74 | 8 |
| 3. | KR | 5 | 3 | 2 | 193:196 | -3 | 6 |
| 4. | Tindastóll | 5 | 2 | 3 | 177:186 | -9 | 4 |
| 5. | UMFH | 5 | 1 | 4 | 182:211 | -29 | 2 |
| 6. | ÍR | 5 | 0 | 5 | 142:244 | -102 | 0 |

**UNGLINGAFLOKKUR KVENNA**

Eftirtalin félög tóku þátt í unglingaflokki kvenna og var þeim skipt í tvo riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Keflavík, UMFG, Haukar, KR.
B-riðill: Hamar, UMFN, Keflavík b, Skallagrímur/Snæfell/ÍA.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Haukar – Keflavík | 70-31 | UMFG – Keflavík b | 75-41 |
| **Haukar - UMFG** | **74-65** | | |

**10. FLOKKUR KVENNA**

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki kvenna og var þeim skipt í tvo riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Keflavík, UMFN, UMFG, Haukar, KR.
B-riðill: Breiðablik, Kormákur, Hamar, Skallagrímur, Hörður.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Haukar - Kormákur | 68-30 | Keflavík – Skallagrímur | 31-15 |
| **Haukar – Keflavík** | **73-37** | | |

**9. FLOKKUR KVENNA**

Eftirtalin félög tóku þátt í 9. flokki kvenna og var þeim skipt í tvo riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Keflavík, UMFN, UMFG, Tindastóll, Kormákur.
B-riðill: UMFH, ÍA, Þór Ak. KFÍ, Fjölnir.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík – Fjölnir | 80-28 | UMFN- UMFH | 20-0 |
| **Keflavík - UMFN** | **60-48** | | |

## 8. FLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki kvenna og var þeim skipt í tvo riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Keflavík, UMFN, UMFG, Snæfell, Hamar, Breiðablik.
B-riðill: Kormákur, Haukar, Hörður, UMFH, KR.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

8. kv. 1. D. A, 4. Umf 2003

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFN | 5 | 5 | 0 | 246:131 | 115 | 13 |
| 2. | UMFG | 5 | 4 | 1 | 244:101 | 143 | 12 |
| 3. | Kormákur | 5 | 2 | 3 | 118:156 | -38 | 7 |
| 4. | Hörður | 5 | 2 | 3 | 100:146 | -46 | 6 |
| 5. | Snæfell | 5 | 1 | 4 | 120:214 | -94 | 3 |
| 6. | Hamar | 5 | 1 | 4 | 90:170 | -80 | 2 |

